

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júlí 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sjö mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um tæpa 22 ma.kr. en var neikvætt um 31,8 ma.kr. 2012. Tekjur jukust um 13,7 ma.kr. milli ára og gjöld um 8,7 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu neikvæð áhrif á handbært fé um 583 m.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um 5,4 ma.kr. Þessi útkoma er betri en áætlað var þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 34,0 ma.kr. sem skýrist að mestu með því að dreifing útgjalda innan ársins reyndist önnur en gert hafði verið ráð fyrir.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2013 (m.kr.)

	2009	2010	2011	2012	2013
Innheimtar tekjur	226.744	260.959	242.467	283.612	297.302
Greidd gjöld	308.636	318.084	307.356	310.054	318.707
Tekjujöfnuður	-81.892	-57.124	-64.889	-26.442	-21.405
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-9.342	-18.515	824	-5.397	-583
Handbært fé frá rekstri	-91.234	-75.639	-64.065	-31.839	-21.988
Fjármunahreyfingar	9.986	-32.036	55.169	-29.154	-21.839
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-81.248	-107.675	-8.896	-60.993	-43.827
Afborganir lána	-72.736	-136.252	-126.946	-165.921	-89.066
Innanlands	-72.736	-72.776	-56.095	-10.800	-86.596
Erlendis	0	-63.476	-70.851	-155.121	-2.471
Lánsfjárjöfnuður brúttó	-153.984	-243.927	-135.842	-226.914	-132.893
Lántökur	144.011	254.903	207.619	185.810	52.484
Innanlands	136.585	121.945	78.487	69.139	76.746
Erlendis	7.425	132.958	129.132	116.671	-24.261
Breyting á handbæru fé	9.973	10.976	71.777	-41.104	-80.409

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 297,3 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 4,8% aukning frá sama tímabili í fyrra. Niðurstaða tímabilsins er 1,7 ma.kr. eða 0,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Af innheimtum tekjum voru skatttekjur og tryggingagjöld, sem eru rúm 90% teknanna, samtals 268,9 ma.kr. sem er 3,8% meira en fyrir ári síðan en 3,1 ma.kr. eða 1,2% undir áætlun.

Tekjuskattur einstaklinga nam 67,7 ma.kr. sem er 7,2% aukning á milli ára og er innheimta hans 4,5% yfir áætlun. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um 6,5% á milli ára og nam 16,9 ma.kr. sem er 23,6% yfir áætlun. Samdrátt í tekjuskatti lögaðila á milli ára má rekja til þess að á sama tímabili í fyrra innheimtust greiðslur frá fyrirtækjum sem tengdust álagningu tekjuskatts fyrri ára. Innheimtur fjármagnstekjuskattur tímabilið janúar-júlí nemur 18,8 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 1,8% yfir áætlun. Fjármagnstekjuskattur jókst um 16,5% frá sama tímabili í fyrra.



Tekjur ríkissjóðs janúar-júlí 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	224.296	258.988	268.853	0,0	15,5	3,8
Skattar á tekjur og hagnað	82.487	97.268	103.298	4,8	17,9	6,2
Tekjuskattur einstaklinga	52.851	63.117	67.670	3,0	19,4	7,2
Tekjuskattur lögaðila	8.331	18.034	16.859	17,4	116,5	-6,5
Skattur á fjármagnstekjur	21.306	16.117	18.769	4,9	-24,4	16,5
Eignarskattar	2.560	6.395	5.860	4,2	149,8	-8,4
Skattar á vöru og þjónustu	96.268	110.162	113.211	-6,3	14,4	2,8
Virðisaukaskattur	61.910	71.377	72.916	-11,1	15,3	2,2
Vörugjöld af ökutækjum	1.541	2.534	2.838	63,1	64,5	12,0
Vörugjöld af bensíni	6.548	6.808	6.642	-0,5	4,0	-2,4
Skattar á olíu	3.367	3.596	3.668	0,7	6,8	2,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.765	9.259	9.680	4,7	5,6	4,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	14.138	16.588	17.467	2,0	17,3	5,3
Tollar og aðflutningsgjöld	3.695	4.156	3.192	-1,2	12,5	-23,2
Aðrir skattar	2.128	3.559	4.324	2,4	67,3	21,5
Tryggingagjöld	37.158	37.448	38.968	7,8	0,8	4,1
Fjárframlög	496	551	96	54,8	11,1	-82,6
Aðrar tekjur	17.420	22.815	27.707	-3,7	31,0	21,4
Sala eigna	239	1.259	647	-	-	-
Tekjur alls	242.450	283.612	297.302	-7,5	17,0	4,8

Eignarskattar drógust saman um 8,4% á milli ára og námu samtals 5,9 ma.kr. sem er 13% undir áætlun. Þar af nam auðlegðarskattur 2,2 ma.kr. sem er tæplega 21% undir áætlun og stimpilgjöld 2,3 ma.kr. sem er 3% undir áætlun. Frávik eignarskatta frá áætlun skýrist því að mestu leyti af minni innheimtu auðlegðarskatts en gert hafði verið ráð fyrir, en hér er þó einkum um að ræða fyrirframinnheimtu upp í álagningu. Álagning auðlegðarskatts í ár var lítillaga yfir áætlun og því er reiknað með að neikvætt frávik í innheimtu skattsins muni ganga til baka á síðari mánuðum ársins. Auðlegðarskattur jókst um 10,2% á milli ára og stimpilgjöld jukust um 18,6%. Erfðafjárskattur skilaði 1,1 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. eða 27,9% undir áætlun. Tryggingagjöld námu 39,0 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 4,1% aukning frá því í fyrra en 1,6 ma.kr. eða 3,8% undir áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu eru 4,8 ma.kr. eða 4,1% undir tekjuáætlun og námu samtals 113,2 ma.kr. sem er aukning um 2,8% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta en hann nam 72,9 ma.kr. á tímabilinu og er það aukning um 2,2% frá því í fyrra. Virðisaukaskattur er 3,9 ma.kr. eða 5,1% undir áætlun. Almenn vörugjöld námu 3,1 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. eða 16,7% undir áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 12% á milli ára og námu þau 2,8 ma.kr. en það er 4,9% yfir áætlun. Innheimta vörugjalda af bensíni er hins vegar 4,7% undir áætlun og nam 6,6 ma.kr. en það er 2,4% samdráttur frá því í fyrra. Olíugjaldið er á áætlun og nam 3,7 ma.kr. sem er aukning um 2% frá sama tímabili í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 1,7 ma.kr. á tímabilinu en



Það dróst saman um 4,3% á milli ára og frávik þess frá áætlun er neikvætt um 13,8%. Vegna tveggja mánaða gjaldtímabils og endurgreiðslukerfis er þó innheimta kolefnisgjaldsins nokkuð breytileg milli mánaða. Bifreiðagjaldið skilaði 3,8 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. eða 2,8% minna en áætlað var.

Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 11,7% frá því í fyrra og námu 3,3 ma.kr. sem er tæplega 10% minna en áætlað var. Tekjur af áfengisgjaldi jukust heldur minna eða um 1,2% á milli ára og námu 6,4 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun. Tölur um tóbakssölu á fyrstu sjö mánuðum ársins sýna nokkurn samdrátt í sölu sígarettna, vindla og neftóbaks en aukningu í sölu reyktóbaks. Sala á reyktóbaki hefur aukist um 6,9% miðað við sama tímabil á árinu 2012. Sala á áfengi hefur einnig aukist lítillega frá því í fyrra eða um 0,1% (mælt í vínanda).

Aðrar tekjur á tímabilinu en skatttekjur námu 28,5 ma.kr. en það er 4,5 ma.kr. yfir tekjuáætlun og 15,5% aukning frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu arðgreiðslur 4,0 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,9 ma.kr. yfir tekjuáætlun fjárlaga og skýrist af því að hluti teknanna innheimtist fyrr á árinu en gert hafði verið ráð fyrir. Frávikið mun því að öllum líkindum minnka á síðari helmingi ársins. Tekjur af veiðigjöldum námu 9,0 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 3,2 ma.kr. og því sérstaka 5,8 ma.kr.

Greidd gjöld námu 318,7 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 8,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,8%. Greidd gjöld voru 10,9 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 3,3% sem skýrist að stórum hluta með ónýttum fjárheimildum frá fyrra ári. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júlí 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	69.896	77.542	78.654	10,9	1,4
þar af vaxtagreiðslur	44.098	50.527	50.457	14,6	-0,1
Varnarmál	714	491	537	-31,2	9,3
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	10.576	12.466	12.708	17,9	1,9
Efnahags- og atvinnumál	29.134	30.366	30.517	4,2	0,5
Umhverfisvernd	2.531	2.778	3.041	9,8	9,5
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	252	134	393	-46,7	192,8
Heilbrigðismál	64.553	68.722	73.383	6,5	6,8
Menningar-, íþróttar- og trúmál	9.491	9.690	10.823	2,1	11,7
Menntamál	28.750	30.747	31.272	6,9	1,7
Almannatryggingar og velferðarmál	84.971	69.931	70.097	-17,7	0,2
Óregluleg útgjöld	6.490	7.188	7.281	10,8	1,3
Gjöld alls	307.356	310.054	318.707	0,9	2,8



Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 50,5 ma.kr. sem var nánast það sama og á síðasta ári og var að mestu í samræmi við áætlanir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 9,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 18,5 ma.kr. og jukust um 1 ma.kr. á milli ára en voru 3,5 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 70,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára og voru lítillega innan heimilda. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 2,5 ma.kr. milli ára og námu 35,8 ma.kr. á tímabilinu. Þá námu greiddar barnabætur tæpum 5,1 ma.kr. og voru 1,3 ma.kr. hærrí en á sama tímabili 2012 og útgjöld Fæðingarorlofssjóðs 335 m.kr. hærrí en 2012 sem var innan heimilda. Þá er búið að greiða út samningsbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn að upphæð 547 m.kr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir á þessu tímabili nema að litlu leyti. Á móti þessu drógust útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs saman milli ára um 2,2 ma.kr. og námu 10,9 ma.kr. og greiddar vaxtabætur voru 2,7 ma.kr. lægri en á fyrra ári sem skýrist með sérstökum tímabundnum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 73,4 ma.kr. og jukust um 4,7 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,7 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Sjúkratrygginga námu 17,6 ma.kr. og jukust um 464 m.kr. milli ára og voru 1 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala námu 23,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2 ma.kr. umfram heimildir sem skýrist að mestu með flutningi á eldri halla á milli ára. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 11,5 ma.kr. á tímabilinu sem var í samræmi við áætlanir og útgjöld heilbrigðisstofnana námu 8,8 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust lítillega á milli ára og námu 30,5 ma.kr. Þá voru þau 5,7 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með afgangi ýmissa sjóða og safnliða og flutningi á ónýttum fjárheimildum frá fyrra ári. Útgjöld til menntamála námu um 31,3 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og voru 525 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra þrátt fyrir að vera 3,6 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8,1 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu 5,5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári en tæpum 2 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með ónýttum heimildum frá fyrra ári. Útgjöld til framhaldsskóla námu 12,3 ma.kr. og voru 375 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2012 en 1,1 ma.kr. innan fjárheimilda sem skýrist að mestu með stöðu stofnkostnaðarliða. Útgjöld til menningar- íþróttá og trúmála námu 10,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 1,1 ma.kr. en voru 541 m.kr. innan fjárheimilda.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 12,7 ma.kr. og jukust um 242 m.kr. milli ára sem var lítillega yfir áætlunum. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Ríkislögreglustjóra sem aukast um 120 m.kr. milli ára, greiðslum vegna Schengen samstarfs sem reyndust hærrí en gert hafði verið ráð fyrir og aukast um 94 m.kr. milli ára og útgjöldum Rannsóknarnefnda Alþingis sem aukast um 115 m.kr. milli ára og eru jafnframt um 196 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til umhverfisverndar námu rúmum 3 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Útgjöldin voru tæpum 1 ma.kr. innan



heimilda sem skýrist að mestu með 246 m.kr. afgangi af fjárheimildum Úrvinnslusjóðs og 220 m.kr. afgangi Endurvinnslunnar hf. Útgjöld til varnarmála námu 537 m.kr. á tímabilinu og jukust um 46 m.kr. á milli ára en voru 330 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 393 m.kr. og jukust milli ára um 259 m.kr. sem var í samræmi við áætlanir. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 257 m.kr. umfram það sem greitt var 2012. Óregluleg útgjöld námu 7,3 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru jafnframt 1,4 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga aukast um 427 m.kr. milli ára sem er 597 m.kr. umfram heimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur dróst saman um 276 m.kr. milli ára en var 818 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 43,8 milljarða króna en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 61 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárframlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins námu 86,6 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga.

Greiddar voru erlendar afborganir í mars sl. fyrir að jafnvirði 2,5 milljarða króna.

Á fyrstu sjö mánuðum ársins gaf ríkissjóður út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 76,7 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 69,6 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 19,3 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárukningar Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á mótum lækkað um 12,4 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 24,3 ma.kr. í lok júlí vegna styrkingar krónu frá áramótum.